

**Tillaga að**  
**STARFSLEYFI**  
**Íslenska gámafélagið ehf.**  
**Berghólabraut 5, Reykjanesbæ**  
**- móttaka og meðhöndlun úrgangs -**  
**Kt.: 470596-2289**

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrá laga og reglugerða: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## **1. ALMENN ÁKVÆÐI**

### **1.1. Rekstraraðili**

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Íslenska gámafélagið ehf., kt. 470596-2289, fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs að Berghólabraut 5, Reykjanesbæ. Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Íslenska gámafélagið ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi öll tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

### **1.2. Umfang starfseminnar**

Heimilt er að taka á móti allt að 5.000 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, forvinnslu, umhleðslu, pökkunar og geymslu. Heimilt er að taka á móti öllum tegundum úrgangs sem ekki flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

a) Móttökustöð

Heimilt er að taka við hættulitlum, almennum úrgangi til flokkunar, forvinnslu, umhleðslu, pökkunar og geymslu. Einnig er heimilt að taka við spilliefnum sem eiga uppruna sinn hjá almenningi eða smærri fyrirtækjum, s.s. rafhlöðum og rafgeymum, enda sé það í litlu magni, ekki sé um að ræða mjög hættuleg efni og engin meðhöndlun fari fram, önnur en söfnun og geymsla til skamms tíma.

b) Bifreiðaverkstæði og þvottastöð

Heimilt er að reka verkstæði og þvottastöð sem þjónusta bifreiðir rekstraraðila.

Móttaka og meðhöndlun spilliefna er bönnuð, önnur en söfnun skv. a-lið. Óheimilt er að geyma brotajárn sem inniheldur spilliefni á athafnasvæði rekstraraðila, s.s. úr sér gengin ökutæki sem ekki hafa verið hreinsuð af vökvum og öðrum spilliefnum.

Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð.

Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn timburs og annars brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu skal ekki fara yfir 200 tonn hverju sinni og magn brotajárns ekki yfir 1500 tonn á ári.

### **1.3. Eftirlitsaðili**

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd eftirlits undir yfirumsjón sinni, sbr. 37. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

### **1.4. Breytingar á rekstri**

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

### **1.5. Stöðvun rekstrar**

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megi út frágang.

### **1.6. Starfsemi hafin að nýju**

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að starfsemi sé hafin að nýju ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

### **1.7. Neyðaráætlun**

Rekstraraðili skal útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Neyðaráætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

### **1.8. Endurskoðun starfsleyfis**

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef breytingar verða á rekstri, mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er, í samráði við Umhverfisstofnun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur

Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfis, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

### **1.9. Samráðsfundur**

Annað hvert ár skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund. Þessir aðilar geta þó boðað oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um reksturinn, mengunarvarnir, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu, eftirlitsmælingar og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

### **1.10. Upplýsingaréttur almennings**

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999.

### **1.11. Valdsvið og þvingunarúrræði**

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs til að knýja fram úrbætur.

Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir, sinni hann ekki fyrirmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva starfsemi rekstraraðila sé um alvarlega hættu að ræða og svipta hann starfsleyfi sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarleg tilvik.

## **2. STARFSHÆTTIR**

### **2.1. Umhverfi og takmörkun aðgangss**

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi hans veldur á umhverfið, þ.m.t. starfshættir, efnisnotkun og meðferð frárennslis, og skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ólykt eða hávaða. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og skal aðgangur að því vera takmarkaður. Aðgangur og ólögleg losun úrgangs skulu hindruð með girðingu á þeim hliðum athafnasvæðisins sem snúa að umferðargötum en með jarðvegs- eða grjótmönnum á öðrum hliðum. Inngangar skulu lokaðir nema þegar starfsemi fer fram. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingu og mönum. Umhverfisstofnun getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

## **2.2. Mengunarvarnir og nýting orku**

Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

## **2.3. Umhverfisstjórnunarkerfi**

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi EB, sbr. reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

## **2.4. Óeðlilega mikil mengun**

Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfseminni út í umhverfið sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

## **2.5. Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa**

Verði óhapp eða slysa sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Tilkynna skal Umhverfisstofnun og viðkomandi heilbrigðiseftirliti um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun eða umtalsverðum áhrifum á umhverfið.

## **2.6. Móttökustöð**

Öll meðhöndlun úrgangs, önnur en geymsla, skal fara fram innandyra. Úrgangi sem geyma þarf utandyra skal koma fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Úrgang sem getur fokið skal ekki geyma utandyra nema til komi sérstakar ráðstafanir sem komi í veg fyrir fok, t.d. girðingar eða skjólveggir. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Brunavarna Suðurnesja, og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær húsum en sem nemur 8 metrum.

Ef spilliefnum er safnað skal þeim strax komið fyrir í lokanlegum, lekaheldum kerum sem eru viðurkennd til geymslu spilliefna. Kerin skulu merkt á viðeigandi hátt og staðsett þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski, t.d. frá ökutækjum. Engin meðhöndlun spilliefna skal fara fram eftir söfnun, s.s. flokkun eða umpökkun, og skulu spilliefnin geymd í kerunum þar til þau eru send til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta hentuga tækifæri. Skal þess vandlega gætt að

úrkomuvatn komist ekki að spilliefnunum og að þau berist ekki í fráveitu eða geti á annan hátt valdið skaða.

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á mótí til annarrar meðhöndlunar en geymslu til skamms tíma. Spilliefnum sem kunna að berast skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

## **2.7. Bifreiðaverkstæði og þvottastöð**

Öllum lausamunum sem geyma þarf utandyra, s.s. ílátum, varahlutum eða bifreiðum, skal snyrtilega komið fyrir á athafnasvæðinu, án þess að þeir snúi að almannaþæri eða valdi slyshættu. Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.

Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíufni, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíufni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan sambærilegan hátt sem kemur í veg fyrir að efnin geti borist í jarðveg eða fráveitu.

Spilliefnum, s.s. ópressuðum olíusíum, úrgangsolíu, olíumenguðum jarðvegi eða rafgeymum, skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Ganga skal þannig frá olíusmituðum úrgangi að hann geti ekki valdið mengun þar til hann er fluttur til spilliefnamóttöku. Flokka skal annan úrgang, sem til fellur, eins og kostur er og koma honum til viðurkenndrar endurnotkunar eða -nýtingar.

Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki og til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíuskiljum.

## **2.8. Verkstjórn**

Starfsemi í starfstöð rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði stöðvarinnar og þeim starfsháttum sem starfsleyfi þetta kveður á um. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á öðrum ákvæðum starfsleyfis og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum skulu ávallt tiltæk í starfstöð.

## **2.9. Meðhöndlun hættulegra efna**

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það getur komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar í starfstöð. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## **2.10. Endurnotkun og endurnýting úrgangs**

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og -nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er.

### **3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS**

#### **3.1. Varnir gegn foki úrgangsefna**

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá athafnasvæði rekstraraðila, t.d. með því að meðhöndla ekki fokgjarnan úrgang utandyra eða með uppsetningu girðinga eða skjólveggja.

#### **3.2. Móttökustöð**

Fráveituvatn frá öllum rýmum vinnsluhúss skal leitt í sandfang og olúskilju áður en það er leitt í fráveitukerfi Reykjaneshafnar. Svæði þar sem spilliefnum er safnað og þau geymd skal lagt bundnu yfirborðslagi og fráveituvatn leitt í sandfang og olúskilju áður en það er leitt í fráveitukerfi Reykjaneshafnar. Sama gildir um plön þar sem geymdur er úrgangur sem mengað getur frárennsli. Fráveituvatn frá öðrum plönnum og húspökum skal leitt í jarðveg um grjótsvelgi. Reynist fráveituvatnið ekki uppfylla skilyrði sem koma fram í gr. 5.3 skal hreinsa það frekar áður en það er leitt í fráveitukerfið.

Þar til athafnasvæði rekstraraðila verður tengt við fráveitukerfi Reykjaneshafnar er heimilt að leiða fráveituvatn frá olúskiljum í jarðveg um grjótsvelg eða siturlögn, enda uppfylli vatnið skilyrðin sem koma fram í gr. 5.3.

Ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll skal samstundis loka fyrir frárennsli frá olúskilju.

Viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að fara niður, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum, skulu vera til reiðu.

#### **3.3. Bifreiðaverkstæði og þvottastöð**

Öll rými og plön bifreiðaverkstæðis skulu lögð bundnu yfirborðslagi og skal fráveituvatn leitt í sandfang og olúskilju áður en það er leitt í fráveitukerfi Reykjaneshafnar. Það sama gildir um þvottastöð en auk sandfangs og olúskilju skal leiða fráveituvatn í fitugildru áður en það er leitt í fráveitukerfi Reykjaneshafnar. Óheimilt er að losa spilliefni í fráveitu. Reynist fráveituvatnið ekki uppfylla skilyrði sem koma fram í gr. 5.3 skal hreinsa það frekar áður en það er leitt í fráveitukerfið.

Þar til athafnasvæði rekstraraðila verður tengt við fráveitukerfi Reykjaneshafnar er heimilt að leiða fráveituvatn frá olúskiljum eða fitugildrum í jarðveg um grjótsvelg eða siturlögn, enda uppfylli vatnið skilyrðin sem koma fram í gr. 5.3.

Ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll skal samstundis loka fyrir frárennsli frá olúskilju.

Geymar undir úrgangsolúu og önnur spilliefni skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 035/1994 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi.

Viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að fara niður, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum, skulu vera til reiðu.

### **3.4. Sandföng, olúskiljur og fitugildirur**

Styðjast skal við gildandi staðla um sandföng, olúskiljur og fitugildirur varðandi stærð, frágang, eftirlit og viðhald. Tæma skal sandföng, olúskiljur og fitugildirur eftir þörfum og tryggja að úrganginum sé fargað með viðurkenndum hætti. Halda skal skrá yfir eftirlit, viðhald og tæmingar.

Við úttök allra olúskilja skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslið ef óhapp verður og óæskileg efni fara í niðurföll.

Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olúskiljum eða fitugildrum.

### **3.5. Hávaði**

Rekstraraðili skal leitast við að halda niðri hávaða frá starfseminni og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

## **4. MÓTTAKA ÚRGANGS**

### **4.1. Móttaka og skráning úrgangs**

Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Skrá skal tegundir, magn, uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef við á, vinnsluaðferðir og ráðstöfun úrgangsins.

Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku spilliefna.

## **5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA**

### **5.1. Skráningar**

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1.
2. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.4 og 2.5.
3. Rekstur fráveitukerfis, s.s. eftirlit, viðhald, tæmingar og niðurstöður eftirlitsmælinga, sbr. gr. 3.4 og 5.2.

### **5.2. Eftirlitsmælingar**

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á fráveituvatni þar sem það kemur úr olúskiljum eða fitugildrum skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá starfseminni kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir.

Rekstraraðili skal vakta fráveituvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaður	Efnisþættir	Tíðni*
Samsetning fráveituvatns	Úttök olúskilja eða fitugildra	Rennsli, hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, súrefnisþörf (COD), heildarmagn uppleystra efna (TDS), ammóníum $\text{NH}_4^+$ , nítat ( $\text{NO}_3^-$ ), köfnunarefni ( $\text{N}_{\text{heild}}$ ), fosfór ( $\text{P}_{\text{heild}}$ ), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.

\*Ef mat á gögnum gefur til kynna að strjálta eftirlit gefi jafn góða raun er Umhverfisstofnun heimilt að breyta tilhöguninni. Jafnframt er Umhverfisstofnun heimilt að fara fram á tíðari mælingar.

### 5.3. Losunarmörk

Þar sem fráveituvatn er leitt í jarðveg á athafnasvæði rekstraraðila mega hvergi vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríum eða sveppum).
- Olía, fita eða froða.
- Úrgangur eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Losunarmörk sem fráveituvatn þarf að uppfylla áður en það er leitt í fráveitukerfi Reykjaneshafnar eða í jarðveg:

Efni	Styrkur (mg/l)
Svifagnir	35
Súrefnisþörf	125
Kvikasilfur	0,05
Kadmíum	0,1
Blý	0,2
Olía/fita	15
pH	2,0–9,0

\*Í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og skýrslu framkvæmdastjórnar EB um bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir við meðhöndlun úrgangs (Waste Treatment Industries, BAT Reference Document, August 2006). Einnig er höfð hliðsjón af losunarmörkum fyrir úrgangsvatn sem fellur til við hreinsun útblásturslofts í sorpbrennslustöðvum, sbr. reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs.

### 5.4. Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

## 6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 2. flokk skv. fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 785/1999. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og vegna reglubundins eftirlits. Gjald vegna



viðbótareftirlits, vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999.

## **7. GILDISTAKA**

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til dd.mm. 2027.

**Reykjavík, dd.mm. 2011**

**Umhverfisstofnun**